

## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 276/1999/EB

frá 25. janúar 1999

### um að leggja fram EB-aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins með því að berjast gegn ólöglegu og skaðlegu efni í hnattrænum netkerfum

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 129. gr. a.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins 17. febrúar 1997, viðurkenndu í ályktun sinni um ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu <sup>(5)</sup>, að Netinu fylgja kostir, sérstaklega hvað varðar menntun, aukna möguleika fyrir neytendur, færri hindranir við sköpun og dreifingu á efni og möguleika á greiðum aðgangi að stöðugt vaxandi grunni stafrænna upplýsinga.
- 2) Samt sem áður getur það magn skaðlegs og ólöglegs efnis sem er á Netinu, þótt í takmörkuðum mæli sé, skaðað það hagstæða umhverfi sem nauðsynlegt er til að frumkvæði og framtak geti borið árangur.
- 3) Til að tryggja að neytendur hafi full not af Netinu er bráðnauðsynlegt að skapa öruggara umhverfi við

notkun þess með því að berjast gegn ólöglegri beitingu á tæknilegum möguleikum Netsins og þá sérstaklega brotum gegn börnum og verslun með fólk eða útbreiðslu hugmynda er byggjast á kynþáttafordómum og útlendingahatri.

- 4) Veita skal neytendum mikla vernd. Bandalaginu ber að stuðla að því með sértækum aðgerðum sem styðja og bæta stefnu aðildarríkjanna varðandi upplýsingar fyrir neytendur um öruggari notkun Netsins.
- 5) Efling innra eftirlits atvinnugreinarinnar og áætlanir um eftirlit með efni, þróun á síubúnaði og flokkunarkerfi sem atvinnugreinin leggur til, og aukin vitund um þjónustu atvinnugreinarinnar, ásamt auknu alþjóðlegu samstarfi milli allra hlutaðeigandi aðila, mun skipta miklu máli við að festa öruggara umhverfi í sessi og stuðla að því að fækka hindrunum varðandi þróun og samkeppnishæfni innan hlutaðeigandi atvinnugreinar.
- 6) Þann 24. apríl 1996 fór ráðið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún legði fram samantekt yfir þau vandamál sem hafa orðið til vegna hraðrar þróunar Netsins og að hún mæti sérstaklega hvort æskilegt sé að setja reglugerð um það innan bandalagsins eða á alþjóðavettvangi.
- 7) Þann 23. október 1996 sendi framkvæmdastjórnin orðsendingu til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu ásamt grænbók um verndun barna undir lögaldri og mannlega reisni í hljóð- og myndmiðlum og upplýsingaþjónustu.

<sup>(1)</sup> Stj. tíð. EB C 48, 13. 2. 1998, bls. 8, og Stj. tíð. EB C 324, 22. 10. 1998, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stj. tíð. EB C 214, 10. 7. 1998, bls. 29.

<sup>(3)</sup> Stj. tíð. EB C 251, 10. 8. 1998, bls. 51.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 2. júlí 1998 (Stj. tíð. EB C 226, 20. 7. 1998, bls. 33), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. september 1998 (Stj. tíð. EB C 360, 23. 11. 1998, bls. 83) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. nóvember 1998 (Stj. tíð. EB C 379, 7. 12. 1998). Ákvörðun ráðsins frá 21. desember 1998.

<sup>(5)</sup> Stj. tíð. EB C 70, 6. 3. 1997, bls. 1.

- 8) Ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, fögnuðu, í framangreindri ályktun frá 17. febrúar 1977, skýrslu starfsþóps framkvæmdastjórnarinnar um ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu og fóru fram á það við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina að gripið yrði til ýmissa aðgerða.
- 9) Í ályktun sinni frá 24. apríl 1997 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu <sup>(1)</sup> hvatti Evrópuþingið aðildarríkin til að styrkja samstarf á sviði stjórnsýslu á grundvelli sameiginlegra viðmiðunarreglna og framkvæmdastjórnina til að gera tillögu, að höfðu samráði við Evrópuþingið, um sameiginlega áætlun um innra eftirlit á vettvangi Evrópusambandsins.
- 10) Í yfirlýsingu ráðherra sem samþykkt var á alþjóðlegu ráðherrastefnunni „Nýting á möguleikum hnattrænna upplýsinganeta”, sem haldin var í Bonn 6. til 8. júlí 1997 að frumkvæði þýsku ríkisstjórnarinnar, lögðu ráðherrar áherslu á það hve mikinn þátt einkageirinn getur átt í að vernda hagsmuni neytenda og í því að styrkja og virða siðferðislegar viðmiðanir með vel starfandi innra eftirlitskerfi í samræmi við og með stuðningi réttarkerfisins. Þeir hvöttu til þess að innan atvinnugreinarinnar yrði komið á opnu efnisflokkanarkerfi, óháðu aðgerðaáætlun og gerði tillögu um ýmsa flokkunarþjónustu sem mætt gæti þörfum ólíkra notenda og tekið tillit til fjölbreytileika í Evrópu að því er varðar menningu og tungumál. Ráðherrar viðurkenndu jafnframt nauðsyn þess að byggja upp traust og trúnað á hnattrænum upplýsinganetum með því að tryggja að grundvallarmannréttindi séu virt og með því að standa vörð um heildarhagsmuni þjóðfélagsins, þar á meðal hagsmuni framleiðenda og neytenda.
- 11) Þann 24. september 1998 samþykkti ráðið tilmæli um að bæta samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að stuðla að því að settur verði innlendur rammi sem miðar að því að koma á sambærilegri og virkri verndun barna undir lögaldri og að verndun mannglegrar reisnar <sup>(2)</sup>, hér eftir nefnd tilmæli um verndun barna undir lögaldri og verndun mannglegrar reisnar. Þessi aðgerðaáætlun verður framkvæmd í nánú samræmi við tilmæli ráðsins.
- 12) Aðstoð af hálfu atvinnugreinarinnar við að setja upp valfrjálst kerfi innra eftirlits getur með skilvirkum hætti stuðlað að því að stemma stigu við flæði ólöglegs efnis á Netinu.
- 13) Samræming innan Evrópu varðandi fulltrúa og innri eftirlitsaðila er nauðsynleg til að slík kerfi verði skilvirk um alla Evrópu. Með það fyrir augum ætti að hvetja til stofnunar innra eftirlitskerfis atvinnugreinarinnar, þar sem þeir sem reka netþjónustu, neytendur og notendur eiga fulltrúa, auk þess að efla skilvirkari siðareglur innan þess lagaramma sem í gildi er. Ef nauðsyn krefur skal gera svokallað beinlínutilkynningakerfi aðgengilegt almenningi svo notendur geti tilkynnt um efni sem þeir telja ólöglegt.
- 14) Öll beinlínutilkynningakerfi eiga að styrkja og efla ráðstafanir aðildarríkjanna. Reyna á að koma í veg fyrir tvíverknað. Mögulegum beinlínutilkynningakerfum væri hægt að koma á fót í samvinnu við yfirvöld sem sjá um framkvæmd laga aðildarríkisins. Innlend yfirvöld sem sjá um framkvæmd laga bera eftir sem áður ábyrgð á því að ákæra og refska þeim sem bera ábyrgð á ólöglegu efni.
- 15) Á evrópskum vettvangi er nauðsynlegt að sjá neytendum fyrir síubúnaði og setja upp flokkunarkerfi, til dæmis í samræmi við PICS-staðalinn (aðgerðaáætlun um val á efni af Netinu), sem alþjóðasamtök um veraldarvefinn áttu frumkvæði að með stuðningi frá bandalaginu.
- 16) Örva skal starfsemi sem miðar að því að efla vitund fólks innan aðildarríkjanna, sem ætti að hafa í för með sér ennþá meiri ávinning innan Evrópu, svo að notendur öðlist skilning bæði á möguleikum og vanköntum Netsins, til þess að hægt sé að auka notkun þeirrar þjónustu sem greinin býður upp á. Einkum skal upplýsa foreldra, kennara og neytendur nægilega vel svo að þeir hafi full not af eftirlitshugbúnaði fyrir foreldra og af flokkunarkerfum. Taka ber upp aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins („aðgerðaáætlun“).
- 17) Nauðsynlegt er að taka þátt í samstarfi við alþjóðasamtök og þriðju lönd í þeim tilgangi að framkvæma þessa aðgerðaáætlun þannig að hún nái út fyrir Evrópusambandið, þar sem vandamálin sem tengjast Netinu eru af hnattarænum toga og krefjast því hnattarænna lausna.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 150, 19. 5. 1997, bls. 38.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 270, 7. 10. 1998, bls. 48.

- 18) Hvers konar stefnumótun um efni ætti að koma sem viðbót við allt framtak á innlendum vettvangi og á vettvangi bandalagsins, eins og bent er greinilega á í aðgerðaáætlun bandalagsins „Evrópa á leið inn í upplýsingasamfélagið: aðgerðaáætlun“ og ætti að framfylgja samhliða annarri starfsemi bandalagsins á þessu sviði, svo sem áætluninni INFO 2000<sup>(1)</sup>, rannsóknaráætlunum bandalagsins (áætlunum um hátækniiðnað, hátæknisamskiptaþjónustu og fjarvirkni), samhliða menntun, þjálfun, aðgerðum og framtaksverkefnum á sviði menningar og lítilla og meðalstórra fyrirtækja í bandalaginu og samhliða þróunar-sjóðum.
- 19) Starfsemi samkvæmt þessari aðgerðaáætlun ætti að taka tillit til þeirra vinnu sem búið er að vinna á sviðum réttarfars og innlendra málefna.
- 20) Framgangur þessarar aðgerðaáætlunar ætti að vera undir stöðugu og skipulögðu eftirliti með það fyrir augum, þegar við á, að laga hana að þróun markaðarins á sviði hljóð- og myndmiðlaefnis og margmiðlunarefnis. Þegar þar að kemur ætti að leggja óháð mat á framþróun aðgerðaáætlunarinnar til þess að koma á framfæri undirstöðuupplýsingum sem nauðsynlegar eru til að ákvarða markmið síðari stefnumótunar hvað efni viðkemur. Þegar aðgerðaáætluninni lýkur ætti að leggja lokamat á þann árangur sem náðst hefur í samanburði við þau markmið sem eru sett fram í þessari ákvörðun.
- 21) Í samræmi við dreifræðisregluna, sem kemur fram í 3. gr. b í sáttmálanum, geta aðildarríkin ekki náð nægilega vel fram markmiðum fyrirhugaðra aðgerða þar sem vandamálin sem um er að ræða varða mörg lönd og verður því, vegna áhrifa fyrirhugaðra aðgerða á alla Evrópu, betur náð fram af bandalaginu.
- 22) Þessi aðgerðaáætlun á að standa í fjögur ár svo að nægur tími gefist til að framkvæma aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið.
- 23) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma, sem gildir meðan áætlunin varir, sem, í skilningi 1. liðar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995<sup>(2)</sup>, er grund-

vallarviðmiðun fyrir fjárveitingarvaldið við árlega fjárlagagerð.

#### SAMPYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins („aðgerðaáætlunin“), eins og henni er lýst í I. viðauka, er hér með samþykkt.

2. Aðgerðaáætlunin skal standa yfir í fjögur ár frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2002.

3. Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd áætlunarinnar á tímabilinu frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2002 ákvarðast hér með sem 25 milljón evrur.

Fjárveitingavaldið skal heimila árlegar fjárveitingar sem rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

Í II. viðauka er að finna leiðbeinandi sundurliðun útgjalda.

##### 2. gr.

Markmiðið með aðgerðaáætluninni er að stuðla að öruggari notkun Netsins og að örva það umhverfi sem er hagstætt þróun í starfsemi Netsins á evrópskum vettvangi.

##### 3. gr.

Til þess að uppfylla markmiðið, sem um getur í 2. gr., skal framkvæma eftirfarandi aðgerðir sem styðja og stuðla að því að ráðstafanir séu gerðar í aðildarríkjunum, undir handleiðslu framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við aðgerðalínurnar, sem gerð er grein fyrir í I. viðauka, og í samræmi við aðferðir við að framkvæma aðgerðaáætlunina, sem settar eru fram í III viðauka:

— efla innra eftirlit innan atvinnugreinarinnar og leiðir til að hafa eftirlit með efni (til dæmis varðandi efni á borð við barnaklám eða efni sem elur á hatri vegna kynþáttar, kyns, trúarbragða, þjóðernis eða þjóðlegs uppruna),

— hvetja greinina til að láta í té síubúnað og flokkunarkerfi, sem tekur mið af fjölbreytileika að því er varðar tungumál og menningu og gerir foreldrum og kennurum kleift að velja efni við hæfi barna í þeirra umsjá, ásamt því að gera fullorðnum kleift að ákveða hvaða löglega efni þeir vilja hafa aðgang að,

— efla vitund notenda um þjónustu sem greinin býður upp á, sérstaklega meðal foreldra, kennara og barna, svo þau geti öðlast aukinn skilning á möguleikum Netsins og nýtt þá sér til framdráttar,

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 96/339/EB frá 20. maí 1996 um samþykkt áætlunar bandalagsins til margra ára til að hvetja til þróunar evrópsks margmiðlunariðnaðar og til að hvetja til þess að margmiðlun verði notuð í hinu nýja upplýsingasamfélagi (INFO 2000) (Stjtið. EB L 129, 30. 5. 1996, bls. 24).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 102, 4. 4. 1996, bls. 4.

- styðja aðgerðir á borð við mat á lögfylgjum,
- starfsemi sem hlúir að alþjóðlegu samstarfi á þeim sviðum sem eru talin hér að framan,
- aðrar aðgerðir sem stuðla að því að markmiðin, sem getið er í 2. gr., nái fram að ganga.

#### 4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal vera ábyrg fyrir framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.
2. Aðferðin sem mælt er fyrir um í 5. gr. gildir um:
  - vinnuáætlunina, þar með talin útgjöld vegna starfsemi sem lýst er í 9. lið III. viðauka,
  - skiptingu fjárveitinga,
  - viðmiðanir og efni beiðna um tillögur,
  - mat á verkefnum sem lögð eru til samkvæmt beiðni um tillögur sem fjármagnaðar skulu af bandalaginu og mat á áætlaðri upphæð framlags bandalagsins til hvers verkefnis sem nemur 300 000 evrum eða meira,
  - ráðstafanir við að meta áætlanir,
  - öll frávik frá reglum sem fram koma í III. viðauka,
  - þátttöku lögaðila frá þriðja landi og alþjóðastofnana sem um getur í 3. mgr. 7. gr., í verkefnum,
  - aðrar aðgerðir sem hægt væri að framkvæma í samræmi við skilyrði síðasta undirlíðar 3. gr.
3. Ef framlag bandalagsins er minna en 300 000 evrur, samkvæmt 4. undirlíð 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin tilkynna nefndinni sem um getur í 5. gr. um verkefni og um niðurstöðu mats á þeim.
4. Framkvæmdastjórnin skal reglulega tilkynna nefndinni, sem um getur í 5. gr., um framgang aðgerðaáætlunarinnar í heild sinni.

#### 5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álití sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitíð skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álití, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

#### 6. gr.

1. Til að tryggja að aðstoð framkvæmdastjórnarinnar sé vel nýtt skal framkvæmdastjórnin tryggja að aðgerðir samkvæmt þessari ákvörðun séu metnar fyrirfram og háðar eftirliti og áframhaldandi mati.
2. Á meðan á framkvæmd verkefna stendur og eftir að þeim er lokið skal framkvæmdastjórnin meta hvernig þau hafa verið framkvæmd og áhrif framkvæmdar þeirra til þess að meta hvort upphaflegum markmiðum hefur verið náð.
3. Útvaldir styrkþegar skulu skila árlegri skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar.
4. Eftir tvö ár, og þegar aðgerðaáætluninni er lokið, skal framkvæmdastjórnin skila matsskýrslu um þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd aðgerðaferla, sem um getur í I. viðauka, til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar þegar nefndin sem um getur í 5. gr. hefur skoðað hana. Einnig skal vísa til almennra niðurstaðna sem eiga við allar tegundir ólöglegs efnis. Framkvæmdastjórnin getur á grundvelli þessara niðurstaðna lagt fram tillögur sem miða að því að aðlaga stefnumörkun aðgerðaáætlunarinnar.

#### 7. gr.

1. Lögaðilum með staðfestu í EFTA-ríkjum, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), er frjálst að taka þátt í þessari aðgerðaáætlun í samræmi við ákvæði EES-samningsins.
2. Lögaðilum með staðfestu í samstarfsríkjum í Mið- og Austur-Evrópu er frjálst að taka þátt í samræmi við þau skilyrði, þar með taldar fjárhagsráðstafanir, sem um getur í viðbótarbókunum við samstarfssamninga, þar á meðal er þátttaka í áætlunum bandalagsins.

Lögaðilum sem starfa á Kýpur er frjálst að taka þátt á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við sömu reglur og gilda um EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES-samningnum, í samræmi við málsmeðferð sem á eftir að semja um við það land.

3. Lögadilum með staðfestu í öðrum þriðju löndum svo og alþjóðastofnunum er frjálst að taka þátt í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í 5. gr., án fjárstuðnings frá bandalaginu samkvæmt þessari aðgerðaáætlun, þar sem slík þátttaka er þarft framlag til framkvæmdar aðgerðaáætlunarinnar miðað við þá meginreglu að báðir aðilar hagnist.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 1999.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. M. GIL-ROBLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. FISCHER

*forseti.*

—

## I. VIÐAUKI

## AÐGERÐAÁÆTLUN TIL MARGRA ÁRA TIL AÐ STUÐLA AÐ ÖRUGGARI NOTKUN NETSINS

## AÐGERÐALÍNUR

Aðgerðalínurnar, ásamt tilmælunum um verndun barna undir lögaldri og verndun mannglegrar reisnar, stuðla að því að koma í framkvæmd evrópskri stefnu um öruggari notkun Netsins þar sem byggt er á innra eftirliti innan atvinnugreinarinnar, síun, flokkun og því að vekja almenning til vitundar. Evrópuþingið, ráðið og aðildarríkin hafa lýst eindregnum stuðningi við þessa stefnu, sem einnig nýtur stuðnings í víðara samhengi innan Evrópu, í Bonn-yfirlýsingunni sem samþykkt var af ráðherrum 29 Evrópuríkja.

Markmiðin með aðgerðalínunum eru:

- að hvetja aðila (atvinnugreinina, notendur) til þess að þróa og koma í framkvæmd viðunandi kerfum innra eftirlits,
- að veita ríkisfé í þróun með því að styrkja tilraunaverkefni og hvetja til þess að tæknilegum lausnum sé beitt,
- að vekja foreldra og kennara til vitundar og upplýsa þá, einkum og sér í lagi í gegnum viðkomandi fagfélög,
- að hlúa að samstarfi og miðlun reynslu og bestu framkvæmda á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi,
- að stuðla að samhæfingu innan Evrópu og á milli hlutaðeigandi aðila,
- að tryggja samrýmanleika milli þeirrar stefnu sem tekin er í Evrópu og annars staðar í heiminum.

**1. Aðgerðalína 1. Að skapa öruggara umhverfi**

Samstarf af hálfu atvinnugreinarinnar og vel starfandi innra eftirlitskerfi eru grundvallaratriði til að takmarka flæði ólöglegs efnis á Netinu.

**1.1. Að koma evrópsku beinlínunetkerfi á fót**

Áhrifarík leið til að takmarka dreifingu ólöglegs efnis er að setja upp evrópskt netkerfi miðstöðva (undir nafninu beinlínur) sem gefa notendum tækifæri til að tilkynna um efni sem þeir rekast á við notkun sína á Netinu og sem þeir álíta ólöglegt. Ábyrgð á því að lögsækja og refsa þeim sem eru ábyrgir fyrir ólöglegu efni hvílir á innlendu yfirvaldi sem sér um að framfylgja lögum, en hlutverk beinlínunnar er að afhjúpa tilvist ólöglegs efnis með það fyrir augum að takmarka dreifingu þess. Taka verður tillit til mismunandi réttarkerfa og menningar.

Að svo komnu máli eru beinlínurnar einungis til í nokkrum aðildarríkjum. Hvetja þarf til uppsetningar þeirra svo að beinlínur séu starfræktar alls staðar í sambandinu bæði í landfræðilegu og tungumálalegu tilliti. Setja þarf upp búnað til að skiptast á upplýsingum á milli innlendu beinlínanna og á milli evrópsku netkerfanna og beinlína í þriðju löndum.

Til þess að þetta netkerfi geti þróast til fullnustu er nauðsynlegt að bæta samstarf á milli atvinnugreinarinnar og yfirvalda sem sjá um að framfylgja lögum og að tryggja samstarf og dreifingu um alla Evrópu og auka skilvirkni með miðlun upplýsinga og reynslu.

Þessi aðgerð fer fram í formi beiðna um tillögur frá þeim samtökum sem taka þátt (20-25) til að koma á fót evrópsku neti beinlína og krækjum á milli þessa nets og beinlína í þriðju löndum, til að þróa sameiginlega stefnu og örva útbreiðslu verkunnáttu og bestu framkvæmdar.

Þau samtök sem taka þátt verða studd af þverskurði aðila úr greininni (þeirra sem veita aðgang og þjónustu, fyrirtækum á sviði samtalskerfa, rekstraraðilum innlendra beinlína) og notenda. Þeir þurfa að sýna fram á framsýna og nýstárlega stefnu, sérstaklega í samskiptum sínum við innlend yfirvöld sem sjá um að framfylgja lögum.

### 1.2. Að hvetja til innra eftirlits og notkunar siðareglna

Til að starfsgreinin geti á skilvirkan máta takmarkað flæði ólöglegs og skaðlegs efnis er einnig mikilvægt að hvetja fyrirtæki til að þróa ramma innra eftirlits með samstarfi á milli þeirra og annarra aðila er málið varðar. Slíkt innra eftirlitskerfi ætti að bjóða upp á mikla vernd og taka á vafamálum um hvað hægt er að rekja.

Með tilliti til þess hve fjarskiptakerfin varða mörg lönd, verður skilvirkni ráðstafana til innra eftirlits aukin á vettvangi Evrópusambandsins, með samhæfingu á milli þeirra aðila sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd innlendra framtakverkefna.

Í samræmi við þessa aðgerðalínu, verða viðmiðunarreglur um siðareglur á evrópskum vettvangi þróaðar, til að byggja upp samstöðu við beitingu þeirra og styðja framkvæmd þeirra. Þessi aðgerð verður framkvæmd með útbóði til að velja stofnanir sem geta verið innri eftirlitsaðilum til aðstoðar við að þróa siðareglur og koma þeim í framkvæmd. Í tengslum við innleiðslu siðareglna verður hvatt til notkunar á kerfi sýnilegra gæðamerkinga fyrir vefsetur til að aðstoða notendur við að bera kennsl á þá netþjónustuaðila sem hlíta siðareglum. Gripið verður til ráðstafana til að fylgjast nákvæmlega með framförum. Þær verða vel samhæfðar eflingu almennra viðmiðunarreglna fyrir framkvæmd innra eftirlitskerfis á landsvísu, eins og mælt er með í tilmælum ráðsins um verndun barna undir lögaldri og verndun mannglegrar reisnar.

## 2. Aðgerðalína 2. Að þróa síunar- og flokkunarkerfi

Til að stuðla að öruggari notkun Netsins er mikilvægt að auðveldara sé að bera kennsl á efni þess. Það er hægt að gera með flokkunarkerfi sem lýsir efninu í samræmi við áætlun sem nýtur almennrar viðurkenningar (þar sem t.d. efni á borð við kynlíf eða ofbeldi er flokkað á kvarða) og með síunarkefnum sem gera notandanum kleift að velja það efni sem hann/hún óskar eftir að taka á móti. Flokkunin getur fylgt með frá efnisbirgi, eða komið frá flokkunarþjónustu þriðja aðila. Til eru nokkur síunar- og flokkunarkerfi sem til greina gætu komið. Þau eru þó enn sem komið er ekki háþrúð og ekkert þeirra hefur enn náð því magni nauðsynlegs efniviðar að notendur geti verið þess fullvissir að efni sem þeir hafa áhuga á og að efni sem þeir vilja forðast sé flokkað á viðeigandi máta og að fullkomlega skaðlaust efni sé ekki stöðvað. Notkun flokkunarkerfa meðal notenda og efnisbirgja í Evrópu er enn í lágmarki.

Ráðstafanir aðgerðalínanna munu beinast að því að sýna fram á hugsanlega möguleika og takmarkanir síunar- og flokkunarkerfa við raunverulegar aðstæður, með það fyrir augum að hvetja til þess að komið verði á evrópskum kerfum og notkun þeirra kynnt fyrir notendum. Síunar- og flokkunarkerfi verða að vera samrýmanleg á alþjóðamælikvarða og í öllu tilliti þróuð í samvinnu við fulltrúa atvinnugreinarinnar, neytenda og notenda.

### 2.1. Að sýna fram á kosti síunar og flokkunar

Studd verða þau flokkunarkerfi sem eiga að vera samrýmanleg á alþjóðamælikvarða og eru í samræmi við evrópskar kröfur og tryggja að síun og flokkun sé beitt með þeim hætti að notendum, foreldrum og kennurum gefist kostur á raunhæfum notkunarmöguleikum. Til að byggja upp nauðsynlegan efnivið verður að ná til sem flestra vefsetra. Því verður gripið til aðgerða til að hvetja efnisbirgja til að nota flokkun. Flokkun, sem óháðir þriðju aðilar framkvæma, tryggja staðlaðar aðferðir við flokkun efnis og að tekið sé á tilvikum þar sem efnisbirgir hefur ekki flokkað það á viðunandi máta. Því er nauðsynlegt að taka tillit til sérþarfa notenda úr viðskiptageiranum, á stofnunum og í menntageiranum, auk þarfa notenda sem ekki er sinnt með flokkunarkerfi efnisbirgisins.

Eftir að beiðni um tillögur hefur verið svarað verða valin verkefni til þess að viðurkenna flokkunarkerfi með tilliti til evrópsks efnis til að stuðla að því að flokkunin hefjist strax á vinnslustigi efnisins og til að sannprófa kosti þessara tæknilegu lausna. Áhersla verður lögð á notagildi og hagkvæmni við raunverulegar aðstæður og víðtækt þversnið dæmigerðra notenda. Þetta gæti einnig falið í sér prófun á öryggi síunarhugbúnaðar við tilraunir til að komast framhjá honum eða gera hann óvirkan.

Seinni beiðni um tillögur miðast sérstaklega við viðurkenningu og kynningu flokkunarkerfa frá þriðju aðilum.

Til að sem mestur ávinningur hljóti af tilraunaverkefnum er nauðsynlegt að meta áhrif þeirra og tryggja útbreiðslu niðurstaðna þeirra í allri Evrópu. Mat á tilraunaverkefnum og útbreiðsla niðurstaðna þeirra verður boðin út.

Tilraunaverkefni samkvæmt þessari aðgerðalínu geta verið mikilvæg varðandi aðgerðir sem miða að því að efla vitund almennings og fjallað er um í aðgerðalínu 3.

Tilraunaverkefnið munu taka til atvinnugreinarinnar (innri eftirlitsaðila, þeirra sem veita aðgang og þjónustu, efnisbirgja, rekstraraðila netkerfa, hugbúnaðarfyrirtækja), notenda, neytenda og samtaka um borgaraleg réttindi auk yfirvalda sem setja reglur og sjá um framkvæmd laga innan atvinnugreinarinnar.

## 2.2. Að greiða fyrir alþjóðlegu samkomulagi um flokkunarkerfi

Alþjóðlegt samstarf milli rekstraraðila og annarra hlutaðeigandi aðila í Evrópusambandinu og samstarfsaðila þeirra í öðrum heimshlutum er sérstaklega mikilvægt á sviði flokkunar til að tryggja rekstrar-samhæfi.

Nokkrir aðilar hafa þegar hafið vinnu við samskiptareglur og hönnun flokkunarkerfis sem uppfyllir hin ýmsu skilyrði. Nauðsynlegt er að Evrópa láti að sér kveða í alþjóðlegum umræðum og skipulagðir verða samráðsfundir til að tryggja það.

## 3. Aðgerðalína 3. Að stuðla að aðgerðum sem miða að því að efla vitund almennings

Almenningur tekur sífellt meiri þátt í starfsemi Netsins og færir sér hina nýju þjónustu í nyt. Jafnframt er nokkuð óljóst hvernig ber að fara með hvern einstakan þátt samskipta um net; upplýsa þarf foreldra, kennara og börn um möguleika Netsins og um vankanta þess, þar sem ekki er alltaf nægileg þekking fyrir á leiðum til að vernda börn fyrir óæskilegu efni. Aðgerðir sem miða að því að efla vitund almennings stuðla að trausti og trú foreldra og kennara á öryggi barna við notkun Netsins.

Aukin vitund er einnig nauðsynleg viðbót við aðgerðalínur 1 og 2, þar sem aðgerðir greinarinnar til að koma innra eftirliti, síun og flokkun í framkvæmd munu einungis bera árangur ef notendur og hugsanlegir notendur eru meðvitaðir um þær.

Evrópuþingið hefur lagt til að hrint verði í framkvæmd evrópskri herferð og aðgerðaáætlun varðandi upplýsingar og að vekja almenning til vitundar, sem fjármögnuð verður af fjárlögum EB, til að upplýsa foreldra og alla þá sem vinna með börnum (kennara, félagsráðgjafa o.fl.) um bestu leiðir (einnig í tæknilegu tilliti) til að vernda börn undir lögaldri fyrir áhrifum efnis sem skaðað gæti þroska þeirra og tryggja þannig velferð þeirra.

Evrópskar aðgerðir, á grundvelli aðgerða sem aðildarríkin takast á hendur, munu stuðla að meiri sam-virkni, sérstaklega með miðlun upplýsinga og reynslu. Með aðgerðaáætluninni munu hefjast aðgerðir sem miða að því að efla vitund almennings og byggjast á útbreiðslu upplýsinga frá þeim sem sjá um að veita aðgang auk þess sem þróað mun verða efni til notkunar í menntageiranum.

Við framtakið til eflingar vitundar almennings verða nýttar aðgerðir sem miða að því að efla vitund almennings og verða framkvæmdar samkvæmt öðrum áætlunum, sérstaklega MIDAS-NET sem sett var á lagirnar í samræmi við INFO 2000. Ef til er fleiri en ein sambærileg leið til að dreifa efni til mark-hópa skal velja þá hagstæðustu með tilliti til kostnaðar. Rafræn dreifing ætti að njóta forgangs hvenær sem hún er möguleg og hagkvæm.

Þessi aðgerð verður framkvæmd í tveimur áföngum. Í fyrri áfanganum verða fundnar bestu leiðir til að ná fram markmiðunum og í seinni áfanganum fá umsjónaraðilar í aðildarríkjunum, svo sem neytenda-samtök og önnur hlutaðeigandi félög, aðstoð við framkvæmd aðgerðirnar innanlands.

### 3.1. Að undirbúa jarðveginn fyrir aðgerðir sem miða að því að efla vitund almennings

Í fyrsta áfanga verður leitað eftir tillögum vegna undirbúningsaðgerða sem beinast að því að finna umsjónaraðila fyrir aðgerðirnar og heppilegustu leiðir, miðla og efni til að ná athygli markhópsins, útbúa efni, sem lagt er til grundvallar, aðlaga það sérkennum tungumála og menningarsamfélaga og taka tillit til árangurs tilraunaverkefna samkvæmt aðgerðalínu 2, sem mun verða mikilvægur efnisþáttur sem lýtur að aðgerðum er miða að því að vekja vitund almennings. Framkvæmdaáætlun verður undirbúin.

Markhópurinn er foreldrar og kennarar og aðgerðin mun ná til atvinnugreinarinnar (netþjónustuaðila, efnisbirgja) og kynningaraðila aðgerðanna, svo sem neytendasamtaka og menntageirans.

### 3.2. *Að hvetja til framkvæmdar allsherjaraðgerða sem miða að því að vekja almenning til vitundar*

Á grundvelli síðari beiðni um tillögur verða valin framtaksverkefni sem munu njóta stuðnings frá bandalaginu til framhaldsaðgerða í öllum aðildarríkjunum sem nýta þá umsjónaraðila og þær leiðir, miðla og efni sem búið er að velja í undirbúningsaðgerðinni. Markmið aðgerðarinnar er að vekja fullorðna (foreldra og kennara) til vitundar um möguleika og vankanta Netsins og um leiðir til að bera kennsl á gagnlegt efni og til að stöðva skaðlegt efni.

Aðgerðirnar verða sniðnar að þörfum aðildarríkjanna og geta verið mismunandi eftir stærð þeirra, mannfjölda, netnotkun o.fl. Aðgerðirnar verða af tvennum toga: þær sem beinast að kennurum og menntageiranum og þær sem, með víðari skírskotun, beinast að almenningi (foreldrum og börnum).

Aðgerðir sem beinast að kennurum gætu t.d. falist í málstofum og undirbúningi sérstaks prent- og margmiðlunarefnis sem dreift yrði til víðtæks hóps af öllum sviðum starfsgreinarinnar. Hægt er að skipuleggja sérstaka „Netdaga“ (röð sérstakra atburða sem miða að því að efla vitund notenda) í samvinnu við aðgerðaáætlunina „Nám í upplýsingasamfélaginu“, sem notið hefur víðtæks stuðnings innan atvinnugreinarinnar. Dæmigerðar aðgerðir sem beinast að almenningi gætu falist í gerð vefsíðna og dreifingu upplýsingaefnis í skólum í gegnum þá sem veita aðgang og önnur fyrirtæki sem selja tölvur, dreifingu geisladiska með tölvutímamarkum. Nánari upplýsingar er hægt að veita í tengslum við kaup á tækjum eða hugbúnaði sem hannaður er fyrir aðgang um netkerfi eða í gegnum þá sem veita nýjum áskrifendum aðgang að Netinu. Hefðbundnir miðlar (fréttamiðlar, sjónvarp) gætu einnig nýst til að efla almenning til vitundar með auglýsingaherferðum og upplýsingapökkum fyrir blaðamenn. Sérstakar vefsíður verða settar upp og haldið við gegnum aðgerðaáætlun evrópska skólanetsins sem verið er að koma á laggirnar með stuðningi menntamálaráðuneyta aðildarríkjanna.

Markmiðið með stuðningi bandalagsins er að veita ríkisfé til eflingar umfangsmikilla aðgerða sem miða að því að vekja almenning til vitundar og kveða á um alhliða samhæfingu og miðlun reynslu svo að hægt verði að draga lærdóm af árangri aðgerðarinnar á langtímagrundvelli (t.d. með því að aðlaga efni sem dreift er). Stuðningur bandalagsins mun að öllu jöfnu ekki nema meiru en einum þriðja aðstoðarhæfs kostnaðar. Notkun þeirra neta sem til eru getur leitt til sparnaðar en þörf er á frekara fjármagni til að framleiða viðeigandi efni.

## 4. **Aðgerðalína 4. Stuðningsaðgerðir**

### 4.1. *Mat á lögfylgjum*

Starfsemi Netsins er hnattræn. Lög gilda um ákveðin landsvæði, innanlands eða, eins og lög bandalagsins, innan Evrópusambandsins. Önnur aðgerðaferli munu því verða skilvirkari ef tekið er tillit til laga-legra atriða sem bandalagið tekur ekki á með frumkvæði á öðrum sviðum, þar með talin eru mál sem snerta gildandi lög og málsmeðferð.

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr. má, ef nauðsyn krefur, efna til útboðs um mat á lagalegum vafamálum sem upp koma í sambandi við efni og notkun á Netinu.

### 4.2. *Samhæfing við alþjóðleg framtaksverkefni af líkum toga.*

Með tilmælunum um verndun barna undir lögaldri og verndun mannlegrar reisnar er þess farið á leit við framkvæmdastjórnina að hún stuðli að alþjóðlegu samstarfi á hinum ýmsu sviðum sem tilmælin taka til, sérstaklega með miðlun reynslu og góðra starfsvenja á milli fjarskipta-fyrirtækja og annarra hlutaðeigandi aðila í Evrópusambandinu og samstarfsaðila þeirra í öðrum heimshlutum. Það er því nauðsynlegt að tryggja samhengi á milli evrópskra aðgerða og framtaksverkefna af svipuðum toga annars staðar í heiminum. Reglulegir samráðsfundir munu stuðla að því.

Á alþjóðlegri ráðstefnu, sem samþykkt er í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr, væri hugsanlegt að deila þeirri reynslu sem unnist hefur með aðgerðalínunum með hlutaðeigandi aðilum í Evrópu og víðar. Þannig væri hægt að sinna öllum málefnum sem aðgerðaáætlunin tekur á og leiða saman aðila atvinnugreinarinnar (innri eftirlitsaðila, þá sem veita aðgang og þjónustu, efnisbirgja, rekstraraðila netkerfa, hugbúnaðarfyrirtæki), notendur, neytendur og samtök um borgaraleg réttindi ásamt yfirvöldum sem setja reglur innan starfsgreinarinnar og sjá um framkvæmd laga. Slík ráðstefna gæti einnig verið gagnleg til að dreifa niðurstöðum aðgerðaáætlunarinnar.

Ráðstefnan yrði skipulögð með tilliti til niðurstaðna sem fyrirbyggjandi eru eftir aðrar ráðstefnur um skyld efni og þannig væri hægt að forðast tvíverknað.

Framkvæmdastjórnin mun ráðfæra sig við nefndina sem um getur í 5. gr. um skipulagningu ráðstefnu af þessu tagi.

#### 4.3. Mat á áhrifum ráðstafana bandalagsins

Augljóslega er mjög mikilvægt að fram fari ítarlegt mat á því hvort markmiðum aðgerðaáætlunarinnar og tilmælanna hefur verið náð fram. Þannig væri einnig hægt að skilgreina frekari ráðstafanir sem atvinnugreinin, stofnanir bandalagsins, aðildarríkin eða fulltrúar neytenda ættu hlut að. Matið verður framkvæmt í tengslum við mat á ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til verndar börnum undir lögaldri og verndar mannglegrar reisnar eins og mælt er fyrir um í tilmælum um verndun barna undir lögaldri og verndun mannglegrar reisnar og verður hrint úr vör með útboði.

---

## II. VIÐAUKI

### LEIÐBEINANDI SUNDURLIÐUN ÚTGJALDA

1. Til að skapa öruggara umhverfi	26–30 %
2. Til að þróa súnar- og flokkunarkerfi	32–38 %
3. Til að stuðla að aðgerðum sem miða að því að efla vitund almennings	30–36 %
4. Stuðningsaðgerðir	3–5 %
	SAMTALS: 100 %

---

## III. VIÐAUKI

## LEIÐIR TIL AÐ HRINDA AÐGERÐAÁÆTLUNINI Í FRAMKVÆMD

1. Framkvæmdastjórnin mun hrinda aðgerðaáætluninni í framkvæmd í samræmi við efnislegar forsendur I. viðauka.
2. Aðgerðaáætluninni verður framfylgt með óbeinum aðgerðum og kostnaði verður deilt þar sem þess er kostur. Fjárframlag bandalagsins ætti ekki að fara fram úr því lágmarki sem talið er nauðsynlegt til hvers verkefnis og verður að jafnaði einungis veitt ef fjárhagsleg vandkvæði, sem ekki verða leyst á annan máta, há verkefninu. Að öllu jöfnu skal fjárframlag bandalagsins ekki vera hærra en 50% kostnaðar við verkefnið, nema í tilvikum þar sem rík ástæða er til.
3. Val á kostnaðarskiptum verkefnum verður venjulega grundvallað á hefðbundinni málsmeðferð þar sem beiðni um tillögur er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Í beiðnum um tillögur verða efnisleg atriði skilgreind í nánu samráði við hlutaðeigandi sérfræðinga og í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í ákvörðuninni. Mikilvægasta viðmiðunin fyrir stuðning við verkefni, sem óskað er eftir tillögum um, verður hugsanlegur ávinningur af þeim varðandi það að ná fram markmiðum aðgerðaáætlunarinnar.
4. Með umsóknum um stuðning bandalagsins ætti þar sem það á við að leggja fram fjárhagsáætlun þar sem allir fjármögnunarliðir verkefnisins eru tilgreindir, þar með talið það fjárframlag sem farið er fram á frá bandalaginu sem og allar aðrar beiðnir um stuðning eða styrkir úr öðrum áttum.
5. Framkvæmdastjórnin getur einnig hrint í framkvæmd fjármögnunaráætlun, sem er sveigjanlegri heldur en beiðni um tillögur gefur til kynna, til þess að hvetja til samstarfs, sérstaklega með þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stofnana á svæðum sem eru lakar sett og til að marka stefnu um langtímaráðstafanir gegn ólöglegu og skaðlegu efni á Netinu. Þessa áætlun mætti starfrækja til frambúðar.
6. Framkvæmdastjórnin mun gera ráðstafanir til að meta, í undantekningartilvikum, verkefnatillögur, sem ekki hefur verið farið fram á stuðning við, þegar um er að ræða verkefni sem innihalda sérstaklega áriðandi ráðstafanir í kjölfar tæknibreytinga sem krefjast breytinga á aðgerðum.
7. Nákvæm fyrirmæli um málsmeðferð, sem vísað er til í 5. og 6. lið, verður hrint í framkvæmt í samræmi við 5. gr. þessarar ákvörðunar og fjárhagsreglur framkvæmdastjórnarinnar. Þau verða birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
8. Verkefni, sem eru að fullu fjármögnuð af framkvæmdastjórninni innan ramma rannsókn- og þjónustusamninga, verða framkvæmd með útboði í samræmi við fjárhagsákvæði. Gagnsæi næst með samráði við utanaðkomandi hópa sérfræðinga (starfshópin um Netið og lagaráðgjafanefndina) sem og með virkri notkun upplýsingaþjónustu framkvæmdastjórnarinnar í sambandi við ráðstafanir sem miða að því að vekja vitund almennings.
9. Á meðan á aðgerðaáætluninni stendur mun framkvæmdastjórnin einnig sjá um starfsemi til undirbúnings sem virkar samhliða og er til stuðnings og miðar að því að ná fram almennum markmiðum aðgerðaáætlunarinnar og sértækum markmiðum hverrar aðgerðalínu. Þetta á við um starfsemi á borð við: rannsóknir til stuðnings almennum markmiðum aðgerðaáætlunarinnar. Bráðabirgðaaðgerðir til undirbúnings framtíðarstarfsemi; ráðstafanir sem miða að því að greiða fyrir þátttöku í ráðstöfunum sem falla undir aðgerðaáætlunina auk þess að auðvelda aðgang að niðurstöðum þeirra framtaksverkefna sem tengjast aðgerðaáætluninni.
10. Kunngjöra verður um veittan fjárstuðning til allra verkefna sem hann hljóta.